



Stefna Arion banka um framlög til stjórnmalastarfs

Arion banki styrkir þau stjórnmalasamtök sem bjóða fram á landsvísu við alþingiskosningar og óska sérstaklega eftir fjárstuðningi frá bankanum. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að samtökin eigi fulltrúa á alþingi.

- Öll stjórnmalasamtök sem eiga fulltrúa á alþingi, bjóða fram á landsvísu við alþingiskosningar og óska eftir fjárframlagi frá bankanum í aðdraganda alþingiskosninga fá fjárframlag frá bankanum að upphæð 500.000 krónur.
- Bankinn styrkir ekki einstaka frambjóðendur, framboð flokka í einstaka kjördæmum eða stjórnmalasamtök sem bjóða ekki fram á landsvísu.
- Bankinn styrkir ekki framboð til sveitarstjórnarkosninga, hreyfingar innan einstakra stjórnmalasamtaka eða einstaka viðburði sem stjórnmalasamtök standa fyrir.
- Bankinn veitir hvorki afslætti af vörum og þjónustu né sérstaka ívilnun eða eftirgjöf til stjórnmalasamtaka umfram það sem stendur öðrum sambærilegum viðskiptavinum til boða.

Arion banki birtir upplýsingar um framlög til stjórnmalastarfs á ári hverju í árs- og sjálfbærnisýrslu bankans.